# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

Aðfnr. 1018, örk 35

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Dagskrá

## fyrir fund fátækranefndar Reykjavíkur

## 27. okt. 1910.

1. Jóhannes Jensson, Ísafirði biður um 150 kr. lán úr fátækrasjóði
2. – Steingrímur og Gísli Sveinssynir biðja um að kaupa bæinn Sveinsstaði.
3. Ráðstöfun á Unu Ásu Ásgrímsdóttur
4. – Beiðni um eftirgjöf á legukostnaði Guðmundar Jónssonar, Njálsgötu 29. –

~~5.~~ – Sveitl. hjálp. –

5. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



4. flokkur.

Hús þau, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim eru rekin, ef gjaldið er ekki ákveðið sérstaklega samkvæmt 4. gr.

3. gr.

Upphæð skattsins skal fyrst um sinn ákveðin, sem hér segir:

Fyrir hús í 1. flokki . . . . $2^1/_2$‰.
— — - 2. — . . . . $3^1/_2$‰.
— — - 3. — . . . . 4‰.
— — - 4. — . . . . 5‰.

Auk gjalds þessa greiðir húseigandi 6 kr. árlega fyrir hvert vatnssalerni, sem í húsinu er, og 4 kr. fyrir hvern hana utanhúss.

Fyrir hvern stórgrip greiðist 1 kr. sem aukagjald.

4. gr.

Vatnsskattur fyrir hreyfivélar, verksmiðjur, baðhús, þvottastöðvar, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatn til annarar slíkrar notkunar, skal venjulega ákveðinn með samningi. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal hann innheimtur eftir mæli. Greiðist þá af ársbrúkun hverri 1 kr. fyrir hverja 100 hektólítra upp að 10 þúsund hektólítrum, en minna fyrir það, sem umfram er, eftir nánari ákvörðun vatnsnefndarinnar og eftir því, hve mikið er notað.

Vatnsveitan leggur til mæli, en notandi greiðir 12 kr. á ári í leigu fyrir hann. Sérstakt leyfi vatnsnefndar þarf til að setja mótora í samband við vatnsæðarnar.

5. gr.

Fyrir vatn, sem látið er úti til skipa á höfninni, greiðast 60 aurar fyrir hvert tonn.

6. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

7. gr.

Vatnsskatturinn greiðist fyrir liðinn ársfjórðung hvern og fellur í gjalddaga 31. marz, 30. júní, 30. september og 31. desember, og greiðist í fyrsta sinn 31. desember næstk. Sé skatturinn ekki greiddur í síðasta lagi mánuði eftir gjalddaga, greiði skuldunautur að auki 2% af skattsupphæðinni.

# Frumvarp

**til bráðabirgðareglugjörðar um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavíkurkaupstað.**

---

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til brunabóta og standa á lóð, er liggur að götu eða vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsskatt. Sama er og um önnur hús, er fá vatn leitt úr vatnsveitu bæjarins. Skatturinn skal lagður á eftir virðingarverði húsanna til brunabóta. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru vátrygðar ásamt því.

2. gr.

Húsum kaupstaðarins skal skift í flokka til skatts, sem hér segir:

1. flokkur.

a) Byggingar landssjóðs og bæjarsjóðs.
b) Kirkjur, skólar og fundarhús án íbúðar.
c) Geymsluhús, sem engin íbúð er í og ekki fylgja íbúðarhúsi.
d) Íbúðarhús, sem ein fjölskylda býr í og virt eru meira en 25 þús. kr.

2. flokkur.

a) Bankahús, sölubúðir og fundarhús þau, sem jafnframt eru íbúðarhús.
b) Íbúðarhús einstakra manna, sem ein fjölskylda býr í og virt eru 15—25 þús. kr.

3. flokkur.

a) Íbúðarhús, sem ein fjölskylda býr í og virt eru minna en 15,000 kr.
b) Íbúðarhús, sem fleiri en ein fjölskylda býr í. Ef sölubúð er í íbúðarhúsi, telst hún sem íbúð.
c) Sjúkrahús, sem ekki eru eign landssjóðs eða bæjarsjóðs.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19/10

Eins og í fyrra, leyfi eg mér, herra borgarstjóri, að snúa mér til yðar með að fá kr 150. lán út á húseign mína hér á Ísafirði.

Bið eg yður, hið fyrsta að skrifa bæjarfógetanum á Ísafirði um árangur þessa.

Virðingarfyllst

Ísafirði 15. Október 1910
Jóhannes Jensson

Til
borgarstjórans í Reykjavík

B. Rvk 96/1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27/10 -

Heiðraða Fátækra nemd

jeg undir skrifaður til kinni yður að eg er ómögulegur að halda þurfa mannin Sigurð þorkelsson sem til min kom i vor 14 maí firir það með lag sem nú er 20 Kr og helst óska að vera alveg laus við hann nú um næstu mánaðar mót enn samt gef eg yður kost á að eg haldi hann til vorsins ef eg fæ 25 Kr um mánuðin frá firsta nóvember nú næst kom andi enn fái eg það ekki verð eg að vera algjörlega laus við hann frá sama tíma

Virðingar fylst

F. Rek. 9/4 1910. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vesta Stig 17. 27-10-1910
Bjarni Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur